

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim nr. 289 22. desember 1970.

1. gr.

Eftirfarandi setning í 14. gr. b-lið falli burt:

Efni notuð í rannsóknarskyni skal auðkenna með rauðum merkimiða.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

24. marz 1971.

Nr. 49.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja. Heimili þess og varnarþing er í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þýlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hvorri jörð Múlakoti 1 og Múlakoti 2 og Skógrækt ríkisins í Múlakoti 1 í Fljótshlíðarhreppi.

Félagsskylda er samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiðast fyrir hvert býli á félagssvæðinu, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

5. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnar-nefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

6. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréfluga eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.